



95. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Teams fjarfundabúnaði (vegna Covid-19) föstudaginn 15. janúar 2021 kl. 13:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Engilbert Olgeirsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Eyþór H. Ólafsson (í fjarveru Friðriks Sigurbjörnssonar), Sindri Bernholt (fulltrúi nemenda), Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Karólína Viðarsdóttir (fulltrúi FOMEL), Bára Magnúsdóttir fjármálastjóri og gjaldkeri, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri og Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari. Sandra Dís Hafþórsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Ársreikningur mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni
2. Vorönn 2021 í Covid-faraldri
3. Innheimta hitaveitu
4. Önnur mál

Gunnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Ársreikningur mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni

Bára fór yfir helstu atriðin í endurskoðuðum ársreikningi, fyrir síðasta skólaár. Hallinn var upp á 12 milljónir króna á síðasta rekstrarári. Það bjargaði miklu að til var inneign frá fyrri árum. Tekjurnar voru nánast engar síðasta haust. Núna er staðan þannig að nauðsynlegt er að sækja um yfirdráttarheimild, allt að fimm milljónum. Samþykkt af fundarmönnum.

Gunnar spurði hvort ekki væri hægt að ná fram tekjufallsstyrkjum frá ríkinu. Bára segist vera að skoða það og einnig viðspyrnustyrki. Gunnar lagði áherslu á að þetta yrði skoðað í kjölinn og hvatti til þess að sótt yrði um tekjufallsstyrk hjá Skattinum.

Ársreikningur sendur til fundarmanna í tölvupósti og þeir beðnir um að samþykkja hann þar.

2. Vorönn 2021 í Covid-faraldri

Jóna Katrín fór yfir stöðuna núna. Frá upphafi annar hafa 2.- og 3. bekkur verið á staðnum. Frá mánuðeginum 18. janúar verður 1. bekkur kominn á svæðið og hefur staðkennsla, hann hefur verið í fjarkennslu til þessa. Í stofum er u.þ.b. tveir metrar á milli borða. Þegar 1. bekkur hefur staðnám mun kennsla líka fara fram í Hérðasskólanum (í salnum uppi og í kjallara). 1. bekkingar fengu leyfi til að koma á vistina nú í vikunni en vera engu síður í fjarvinnslu. Grímuskylda í skólanum. Jóna Katrín sagði að nemendum finnst dálítið erfitt að geta ekki gert allt eins og venjulega. Sindri sagði að nemendur væru mjög glaðir að vera komnir á svæðið. Freyja sagði að umsjónakennarkerfið okkar sé sterkt og kennarar hvetji nemendur alltaf til að leita til þeirra og yfirleitt nýta sér þá þjónustu sem er í boði.



Engilbert spurði um brotthvarf. Jóna Katrín sagði að ekki væri merkjanlegt aukið brotthvarf.

3. Innheimta hitaveitu

Skólameistari greindi frá því að búið væri að setja upp hitaveitumæla í byggingum skólans. Sveitarfélagið mun síðan rukka eftir þeim. Áætlað er að 2,5-3 milljónir á ári bætist við rekstrarkostnað vegna þessa.

Gunnar spurði hvort ekki kæmi aukafjárveiting frá Ríkinu vegna þessa. Jóna Katrín sagði að hún hefði athugað þetta en því miður er það ekki í myndinni.

Gunnar spurði einnig hvernig gangi með framkvæmdir á húsinu. Jóna Katrín lýsti því. Suðurhliðin er ber og bíður klæðningar og gluggaísetning gengur vel. Búið er að setja glugga í elsta hlutann að sunnan.

4. Önnur mál

Engilbert spurði hvort eitthvað væri að fréttu af deiluskipulaginu á Laugarvatni. Gunnar fylgdi athugasemdum skólanefndar frá síðasta fundi eftir við oddvita og sveitarstjóra. Ekki er búið að staðfesta deiluskipulagið.

Fundargerð lesin upp af ritara og fundarmenn samþykktu hana.

Fundi slitið kl. 13:50

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir.